

Reykjavík

Skemmtanakóngnum bjargað

Borgarráð samþykkir kaup á Breiðvangi. Stjórnarandstaðan samþykk kaupunum en mótmælir vinnubrögðunum. Sigrún Magnúsdóttir: Auðvitað ákveðin björgun fyrir Ólaf Laufdal. Stórar ákvarðanir teknar utan borgarstjórnar

Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær að Reykjavíkurborg keypti skemmtistaðinn Breiðvang af Ólafi Laufdal, fyrir 118 milljónir króna. Minnihlutinn í borgarstjórn hefur lagt fram fjölda tillagna um stuðning við uppbyggingarstarf fyrir unglunga í nýrri hverfum borgarinnar, og um unglungamiðstöð fyrir unglunga í miðbænum og í Breiðholti. Sigrún Magnúsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokks, segir það vekja furðu sína að nú sé hægt að snara út 118 milljónum, þegar peningaleysi hefur verið borið við af Sjálfstæðismönnum, þegar þeir hafa fellt tillögur minnihlutans.

Sigrún sagði það af hinu góða að nú kæmi staður fyrir unglunga í Breiðholti til að skemmta sér á. En auðvitað fælist ákveðin björgun fyrir Ólaf Laufdal í kaupum borgarinnar. Það væri skondið að nú lægi þetta fé á lausu hjá borginni. Sér finndist að hægt hefði verið að veita félagsamtökum í nýrri hverfum borgarinnar stuðning. Hún hefði það á tilfinningunni, að þegar kæmi að stórum ákvörðunum fyrir hönd borgarinnar, væru þær teknar annars-

staðar en í borgarstjórn og borgarráði.

Sem dæmi um mál sem borgarfulltrúar heyrðu fyrst af í fjölmiðlum, nefndi Sigrún sölna á Granda. Borgarfulltrúar læsu aftur og aftur í dagblöðum, að borgin hefði ákveðið eitt og annað með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Þannig væri einnig með kaupin á Breiðvangi og mótmælti

minnihlutinn þessu með bókun, að sögn Sigrúnar.

Í fyrsta skipti sem borgarfulltrúar heyrðu minnst á Breiðvang sem mögulegan stað fyrir unglunga, var í vor þegar minnihlutinn bar upp tillögu um lausn á félagsmálum unglunga í Breiðholti. Þá varpaði Davíð Oddsson, borgarstjóri, fram þeirri spurningunni: „Hvernig væri

bara að kaupa Breiðvang.“ Þetta telja Sjálfstæðismenn lýðræðisleg vinnubrögð.

Borgin greiðir Breiðvang að hluta með þremur lóðum við Aðalstræti og Túngötu, þar sem

Ólafur Laufdal hefur haft skrifstofuáðstöðu sína, og með niðurfellingu á gjöldum. Þetta er metið til 48 milljóna, en borgin greiðir afganginn, 100 milljónir, upp á 12 árum.

-hmp

Grænhöfðaeypjar

Skattheimta til útflutnings

Forsætisráðherra Grænhöfðaeypja hefur sýnt áhuga á samstarfi við Íslendinga á sviði stjórnsýslu. Steingrímur Hermannsson auð áframhaldandi aðstoð við fiskveiðar og á fleiri sviðum

Forsætisráðherra Grænhöfðaeypja hefur lýst yfir áhuga sínum á samstarfi við Íslendinga og aðstoð við endurskipulagningu stjórnsýslunnar, einkum í sambandi við skattheimtu og fjármálastjórn, sagði Steingrímur Hermannsson eftir fund sem hann átti við Pedro Pires forsætisráðherra Grænhöfðaeypja sem er í opinberri heimsókn hér á landi um þessar mundir.

Steingrímur sagði að á þessum fundi þeirra hefði hann boðið áframhaldandi aðstoð varðandi fiskveiðar og jafnframt á öðrum sviðum þar sem reysla Íslendinga gæti nýst íbúum Grænhöfðaeypja og nefndi í því sambandi nýtingu jarðhita og ferðaþjónustu. Síðastliðin 10 ár hafa Íslend-

ingar veitt Grænhöfðaeypjum þróunaraðstoð á sviði fiskveiða og verkunar og hefur það starf skilað verulegum árangri. Einnig hefur verið veitt aðstoð við sölu fiskafurða á Evrópumarkað en það starf hefur enn sem komið er ekki gengið eins vel.

Á Grænhöfðaeypjum búa á milli 340 til 350 þúsund manns. Þar er þjóðarframléiðsla um 600 dollarar á ári á mann en til samanburðar má nefna að hérlandis er hún um 20 þúsund dollarar á ári. Pedro Pires sagði að þrátt fyrir ólíkar aðstæður þjóðanna gæti samstarf smáþjóða sem þessarra verið árangursríkt og smæð þeirra beggja væri forsenda þess að þær hefðu samskipti á jafnréttisgrundvelli.

ip

Alþjóðleg nútímalist

Toppar samtímans

Yfirlitssýning yfir þróun nútímalistar á Kjarvalsstöðum


Sýning á alþjóðlegri nútímalist verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardaginn. Er sýningin hingað komin frá listasafni Epinal í Frakklandi, þar sem forsvarsmenn hafa lagt áherslu á að safna og fylgja eftir þeim listastefnum sem komu fram í byrjun 7. ártugarins, þegar hið hefðbundna málverk var að sögn komið í nokkurs konar blindgötu.

Á sýningunni verður úrval verka eftir listamenn sem hefur

borið hvað hæst í listasögunni síðustu áratugi, meðal annarra Frank Stella, Andy Warhol, Gilbert og George, Tony Cragg, Donald Judd og Sigmar Polke, svo nokkrir séu nefndir, en alls verða verk eftir tuttugu og sjö listamenn til sýnis.

Að sögn forráðamanna Kjarvalsstaða hafa jafn margir merkir listamenn aldrei áður verið saman komnir innan veggja listasafns á Íslandi. Er sýningin gott yfirlit yfir þá þróun sem átt hefur verið stað í myndlistarsögu samtímans í Bandaríkjunum og Evrópu og þá sérstaklega á Ítalíu, Þýskalandi og Frakklandi.

LG



VASK

Starfsfólki fjölgað

Talsverð fjölgun þrátt fyrir niðurskurð hjá ríkinu

Vinna við undirbúning vegna komu virðisaukaskattsins er í fullum gangi hjá embætti Ríkisskattstjóra og að sögn Garðars Valdimarssonar hefur starfsfólki verið fjölgað og verður fjölgað enn frekar næstu mánuði.

Talað er um að við hvert gjaldstig þurfi að bæta við um 30 manns, en ekki er ljóst hversu mikið þarf að ráða af starfsfólki í heild. Þrátt fyrir 4% niðurskurð í launakostnaði hjá hinu opinbera, sagði Garðar það vera alveg klárt að með tilkomu virðisaukaskattsins þurfi fleira starfsfólk. Það hafi verið ljóst frá upphafi, því skattkerfið verður mun viðameira og stærra í sniðum.

Það sem nú er verið að gera vegna virðisaukaskattsins er að undirbúa skattstofur og skattstjóra og senda starfsfólk á námskeið þar sem lög um virðisaukaskatt eru kynnt. Einnig er verið að vinna að kynningarritum og upplýsingabæklingum fyrir fyrirtæki og almenning.

ns.